

Mál nr. 125/2007
M og
Vátryggingafélagið V v. tryggingar Þ

Maður á snjóbretti lenti á konu í skíðabrekku þ.21.1.2007 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.7.2007 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 25.6.2007 og 23. 7.2007

Málsatvik.

M var í skíðabrekku í Grafarholti í Reykjavík með 2 barnabörnum sínum fjögurra ára að aldri og ætlaði M að leyfa börnunum að renna sér á sleða. Lögmaður M segir M hafa farið nokkra metra upp í brekkuna en taldi óráðlegt að fara hærra með svo ung börn. M segist hafa verið að hjálpa börnunum við að setjast upp í sleðann þegar hún fékk á sig þungt högg og kom í ljós að Þ var að renna sér niður brekkuna á snjóbretti og hafði lent á M. M var flutt á sjúkrahús og í ljós kom að hún hafði orðið fyrir talsverðum áverka m.a. beinbrotum. M krefst bóta úr F+ tryggingu Þ. hjá V og bendir á að umrædd skíðabrekka sé í íbúðarhverfi þar sem mikið sé af ungum börnum og því nauðsynlegt að þeir sem renna sér niður brekkuna geri það með mikilli gát og hafi fulla stjórn ferða sinna en það hafi Þ ekki gert í umrætt sinn. V hafnar bótaábyrgð og segir að Þ haldi því fram að hann hafi ekki séð M fyrir en of seint og því sé ekki um vanrækslu eða aðgæsluleysi Þ. að ræða. V telur að hér sé um óhappatilvik að ræða auk þess sem fólk sem fer í skíðabrekkur taki ákveðna áhættu og tjón sitt verði þeir að bera sjálfir nema sýnt sé fram á gáleysi tjónvalds en um það sé ekki að ræða í því tilviki sem hér um ræðir.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn þá verður ekki annað séð en Þ hafi í umrætt sinn ekki sýnt þá aðgæslu sem honum bar að sýna við aðstæður eins og þær sem um ræðir. M var neðst í skíðabrekkunni og fyrir liggur frá Þ að hann hafi ekki séð M fyrir en of seint. Við aðstæður eins og þær sem eru í umræddri skíðabrekku bar Þ að sýna aðgát sem hann gerði ekki í umrætt sinn og ber hann því ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir. M á því rétt á bótum úr F+ tryggingu Þ.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr F+ tryggingu Þ.

Reykjavík 7.8.2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.